

Læknablaðið í hálföld, 1965

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Allt er í nokkuð föstum skorðum á blaðinu árin 1963 og 1964, það kom út í fjórum heftum hvort ár 188 og 220 síður - aðalritstjóri er Ólafur Bjarnason, og meðritstjórarnir Magnús Ólafsson (LÍ) og Ólafur Geirsson (LR). Í janúar 1965 bætast í ritstjórnina Þorkell Jóhannesson fyrir LÍ og Ásmundur Brekkan fyrir LR. Þeir slá í klárinn og gefa út þrjá árganga á árinu 1965 til að vinna upp glataðan tíma.

Nútíminn er að koma upp úr kafinu og í janúarblaðinu er eftirfarandi:

Orðsending frá LÍ. Að endurteknun telfrænu eru læknar minntir á að gæta yfstrustu varfærni í öllu umtali um sjúklinga sína, jafnvel þó að samþykki þeirra liggja fyrir. Í því sambandi visast til Alþjóðsáðareglna lækna og Genfarheitis lækna (sjá Codex ethicus), laga nr 47/1932 og til Læknablaðsins, 38. árg. 1954, bls. 97-111. Stjórn LÍ

Fram kemur líka að skrifstofa LR er í Braturholti 20 og rekin í samstarfi við Verkfræðingafélag Íslands, þar eru daglegar fjárreiður blaðsins og útsending. Þar segir frá því að haustið 1962 hafi læknar varnarliðsins í Keflavík boðið Læknafélagi Reykjavíkur til síðdegisdrykkju, „cocktailparty“, í samkomusal yfirmanna varnarliðsins og að 60-70 læknar og eiginkonur þeirra hafi þegið boðið. Páll Kolka hefur fallist á að rita félagssögu LR og auglýsir eftir fundargerðarbókum

LÆKNABLAÐIÐ	
GEFIÐ UT AF LÆKNAFÉLAGI ÍSLANDS OG LÆKNAFÉLAGI REYKJAVÍKUR	
Aðalritstjóri: Ólafur Bjarnason, Meðritstjórarnir: Magnús Ólafsson og Þorkell Jóhannesson (LÍ), Ólafur Geirsson og Ásmundur Brekkan (L.R.)	
50. ÁRG. REYKJAVÍK, JÚNÍ 1965 1. HEFTI	
EFNI	
Ólafur Bjarnason: Timamót	Bls. 1
Jóhann Hafstein: Ávarpsorð í tölfrá 50 ára afmæli Læknablaðsins	3
Sigurður Sigurðsson: Læknablaðið 50 ára	5
Tómas Helgason: Læknablaðið 50 ára	6
Magnús Ólafsson: Læknablaðsannáll	9
Ritstjórnargreinar: Hlutverk læknatimarita	13
Húsbýggingarmál læknaeildar Háskólans	15
Framhaldsnámskeið	15
Icterus-symposium	16
Framhaldsnámskeið fyrir lækna	34
Rit send Læknablaðinu	34
Fundargerð aðalfundar L.R. 1965	35
Ur erlendum læknaritum	42
Frá Læknafélagi Vesturlands	47
Frá læknum	47

fyrstu 30 árin en þær virðast glataðar með öllu.

Birt er aldarminning Guðmundar Thoroddsen um nafna hans Magnússon, lipurlega skrifuð og skemmtileg með þessum lokaorðum: *Sullaveikin, sem hann barðist við alla sína ævi, má nú heita aloeve horfin. Stúdentar og læknar kunna nú litil skil á því, hvornig sú veiki hagar sér, og á aðgerðum við henni, hafa ekki þörf fyrir slíka kunnáttu, en bók Guðmundar Magnússonar um sögu sullaveikinnar á Íslandi mun standast tímans tönn sem óbrotgjarn minnisvarði um hinn hnífíffa, ráðholla og stundum spunastutta Magnússon.*

Í fyrsta tölublaði 1964 er löng greinargerð frá 17. þingi Alþjóðabandalags lækna (World Medical Association) í New York í október 193, en þangað hefur Arinbjörn Kolbeinsson verið sendur. Margt kemur við sögu, skipting lækna í sérfræðigreinar í löndum Evrópu og skýrslur fulltrúa Kúbu og áheyrnarfulltrúa flóttalækna frá Kúbu, og eru eins og svart og hvítt.

Fyrsta hefti 50. árgangs sem gefið er út í júní 1965 er að stærstum hluta helgað því að Læknablaðið á útgáfuferill sem spannar hálföld. Ólafur Bjarnason ritstjóri rekur söguna, blaðið hefur stækkað úr einni örk í þrjár, nýlega voru teknar upp ritstjórnargreinar, í framtíðinni mun þurfa að gera strangar kröfur um efnismeðferð, Jóhann Hafstein heilbrigðismálaráðherra skrifar nokkur orð, Sigurður Sigurðsson landlæknir sendir hugheilar

árnaðaróskir til blaðsins og Tómas Helgason forseti læknaeildar sömuleiðis. Læknablaðsannáll Magnúsar Ólafssonar fer yfir þróun blaðsins og mannskapinn í ritstjórn frá upphafi. *Læknafélag Reykjavíkur gaf eitt út Læknablaðið þar til 1955, er Læknafélag Íslands, gerðist meðútgefandi þess. Kýs hvort félag tvo menn í ritstjórn, en stjórnir beggja félagi ráða aðalritstjóra. – Síðustu árin hefur Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. verið ráðunautur blaðsins um íslenskt mál. Hefur hann unnið mikið og vel fyrir blaðið, enda við ramman reip að draga, það er íslenskt læknamál.*

Ritstjórnin skrifar pistil um tímamótin þegar blaðið fyrst kom út: *Var það árið 1915, þegar Íslendingar eignuðust þjóðfána. Með útkomu Læknablaðsins má einnig segja, að íslensk læknastétt hafi eignast sitt sérstaka merki. Það hefur nú verið uppi síðan, ef undan eru skilin tvö hretár, svo sem getið er á öðrum stað í hefti þessu. Læknablaðið er því í hópi elztu tímarita, sem út koma hérlandis. – Læknablaðið er ritað fyrir lækna og af læknum. Það er tengiliður íslenskra lækna innbyrðis og málgað stéttarinnar í heild út á við. Læknablaðið getur því verið fjöregg íslenskra lækna, sverð þeirra og skjöldur. Ritstjórn blaðsins á sér enga ósk jafnheita og þá, að læknar séu þessa ævinlega minnugir og efla blaðið, svo að um muni á ókomnum árum.*

